

**BORGARRÁÐ 13. apríl 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að Reykjavíkurborg leiti leiðsagnar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga - MSS23040048**

Flokkur fólksins leggur til að Reykjavík óski leiðsagnar frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um hvernig Reykjavík getur hagrætt í rekstri og náð þannig undirtökum í rekstri borgarinnar. Reykjavík er komin yfir þau skuldaviðmið sem sveitarfélögum eru sett. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. ekki vera hærrí en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Á árinu 2021 var veltufé frá rekstri A-hluta borgarsjóðs 0,3%, í útkomuspá fyrir árið 2022 var það -2,3% og í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er það áætlað 2,3%. Allar líkur benda til að A-hluti Reykjavíkurborgar hafi á þessu þriggja ára tímabili ekki getað greitt af eigin rekstrartekjum, neitt sem skiptir máli, upp í afborganir lána og til fjárfestinga. Þessi staða hefur þýtt aukna lántöku sem aftur á móti leiðir af sér að þungi afborgana lána vex stöðugt og fjárhagslegt svigrúm borgarsjóðs minnkar að sama skapi. Í vaxandi verðbólgu verða áhrif þessarar þróunar enn meiri. Það segir sig sjálf að slík vegferð tekur enda fyrr en síðar. Nú þegar eru farin að blikka sterk aðvörunarljós á vegarenda sem birtast meðal annars í áhugaleysi markaðarins á skuldabréfaútgáfu Reykjavíkurborgar.

**Greinargerð:**

Fjármálaþreglur sveitarstjórnarlaga munu að öllum líkindum færast í fyrra horf eigi síðar árið 2026. Samkvæmt 77. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn skylda til að gera eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga viðvart komist sveitarfélag í fjárþröng eða sveitarstjórn telji að fjármál sveitarfélags stefni í óefni. Því er nauðsynlegt er að hefja undirbúning þess eigi síðar en strax að A-hluti Reykjavíkurborgar standist fjármálaþreglur sveitarstjórnarlaga, þegar þær taka gildi á nýjan leik. Á þeim forsendum er þessi tillaga borin fram.